

I EES-STOFNANIR

1. Sameiginlega EES-nefndin

2017/EES/64/01	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 295/2015 frá 11. desember 2015 um breytingu á I. viðauka við EES-samninginn (Heilbrigði dýra og plantna)	1
2017/EES/64/02	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 296/2015 frá 11. desember 2015 um breytingu á I. viðauka við EES-samninginn (Heilbrigði dýra og plantna)	3
2017/EES/64/03	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 297/2015 frá 11. desember 2015 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn	5
2017/EES/64/04	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 298/2015 frá 11. desember 2015 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn	7
2017/EES/64/05	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 299/2015 frá 11. desember 2015 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn	9
2017/EES/64/06	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 300/2015 frá 11. desember 2015 um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)	11
2017/EES/64/07	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 301/2015 frá 11. desember 2015 um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)	13
2017/EES/64/08	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 302/2015 frá 11. desember 2015 um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)	16
2017/EES/64/09	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 303/2015 frá 11. desember 2015 um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)	17
2017/EES/64/10	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 304/2015 frá 11. desember 2015 um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)	18

2017/EES/64/11	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 305/2015 frá 11. desember 2015 um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)	20
2017/EES/64/12	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 306/2015 frá 11. desember 2015 um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)	22
2017/EES/64/13	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 307/2015 frá 11. desember 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn	24
2017/EES/64/14	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 308/2015 frá 11. desember 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn	27
2017/EES/64/15	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 309/2015 frá 11. desember 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn	29
2017/EES/64/16	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 310/2015 frá 11. desember 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn	31
2017/EES/64/17	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 311/2015 frá 11. desember 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn	34
2017/EES/64/18	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 312/2015 frá 11. desember 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn	36
2017/EES/64/19	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 313/2015 frá 11. desember 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn	38
2017/EES/64/20	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 314/2015 frá 11. desember 2015 um breytingu á IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn	40
2017/EES/64/21	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 315/2015 frá 11. desember 2015 um breytingu á XI. viðauka við EES-samninginn (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið)	42
2017/EES/64/22	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 316/2015 frá 11. desember 2015 um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn (Flutningastarfsemi)	43
2017/EES/64/23	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 317/2015 frá 11. desember 2015 um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn (Flutningastarfsemi)	44
2017/EES/64/24	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 318/2015 frá 11. desember 2015 um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn (Flutningastarfsemi)	45
2017/EES/64/25	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 319/2015 frá 11. desember 2015 um breytingu á XX. viðauka við EES-samninginn (Umhverfismál)	48
2017/EES/64/26	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 320/2015 frá 11. desember 2015 um breytingu á XX. viðauka við EES-samninginn (Umhverfismál)	49

II EFTA-STOFNANIR

1. **Fastanefnd EFTA-ríkjanna**

2. **Eftirlitsstofnun EFTA**

3. **EFTA-dómstóllinn**

III ESB-STOFNANIR

1. **Framkvæmdastjórnin**

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 295/2015

2017/EES/64/01

frá 11. desember 2015

um breytingu á I. viðauka við EES-samninginn (Heilbrigði dýra og plantna)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/819 frá 22. maí 2015 um breytingu á viðauka F við tilskipun ráðsins 64/432/EBE að því er varðar snið fyrirmynda að heilbrigðisvottorðum fyrir viðskipti innan Sambandsins með nautgripi og svín ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um lifandi dýr önnur en fisk og eldisdýr. Ísland er undanþegið löggjöf á þessu sviði eins og fram kemur í 2. mgr. inngangsorða I. kafla I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Íslands.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verzlun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 4) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við 1. lið (tilskipun ráðsins 64/432/EBE) í hluta 4.1 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„- **32015 D 0819:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/819 frá 22. maí 2015 (Stjtið. ESB L 129, 27.5.2015, bls. 28).“

2. gr.

Norskur texti framkvæmdarákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/819, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 12. desember 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 129, 27.5.2015, bls. 28.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. desember 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Sletnes

formaður.

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 296/2015

2017/EES/64/02

frá 11. desember 2015

um breytingu á I. viðauka við EES-samninginn (Heilbrigði dýra og plantna)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1310 frá 28. júlí 2015 um breytingu á I. viðauka við ákvörðun 2009/177/EB að því er varðar sjúkdómalaus stöðu alls yfirráðasvæðis Króatíu með tilliti til skjónakarpaherpesveiki ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1356 frá 4. ágúst 2015 um breytingu á ákvörðun 2007/453/EB að því er varðar stöðu Kýpur, Tékklands, Frakklands, Liechtenstein og Sviss ⁽²⁾ með tilliti til kúariðu.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 4) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á I. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við 89. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/177/EB) í hluta 4.2:
„- **32015 D 1310:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1310 frá 28. júlí 2015 (Stjtið. ESB L 200, 30.7.2015, bls. 17).“
2. Eftirfarandi undirlið er bætt við í 49. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/453/EB) í hluta 7.1:
„- **32015 D 1356:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1356 frá 4. ágúst 2015 (Stjtið. ESB L 209, 6.8.2015, bls. 5).“

*2. gr.*Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvarðana (ESB) nr. 2015/1310 og (ESB) nr. 2015/1356, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*3. gr.*Ákvörðun þessi öðlast gildi 12. desember 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ^(*).⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 200, 30.7.2015, bls. 17.⁽²⁾ Stjtið. ESB L 209, 6.8.2015, bls. 5.^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. desember 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Sletnes

formaður.

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 297/2015

2017/EES/64/03

frá 11. desember 2015

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/845 frá 27. maí 2015 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir asoxýstróbín, klórantranilípról, sýantranilípról, díkamba, dífenókónasól, fenpýroxímat, flúdíoxónífl, glúfosínatammóníum, imasapík, imasapýr, indoxakarb, ísoxaflítól, mandíprópamíð, penþíópýrað, própíkáónasól, pýrimetanífl, spírótetramat og trínexapak í eða á tilteknum afurðum ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/846 frá 28. maí 2015 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir asetamípríð, ametókradín, amísúlbróm, búpírímat, klófentesín, etefón, etírímól, flúópíkólíð, imasapík, própamókarb, pýraklóstróbín og táflúvalínat í eða á tilteknum afurðum ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/868 frá 26. maí 2015 um breytingu á II., III. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir 2,4,5-T, barban, bínapakrýl, brómfosetýl, kamfeklór (toxafen), klórbúfam, klóroxúrón, klósólínat, DNOC, díallat, dínoseb, dínoferb, díoxapíón, etýlenoxíð, fentínasetat, fentínhýdroxíð, flúsýkloxúrón, flúsýtrínat, formópíón, mekarbam, metakrífos, mónólínúron, fenótrín, prófam, pýrasófos, kínalfos, resmetrín, teknasen og vínklósólín í eða á tilteknum afurðum ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/896 frá 11. júní 2015 um breytingu á IV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir *Trichoderma polysporum* af stofni IMI 206039, *Trichoderma asperellum* (áður *T. harzianum*) af stofni ICC012, T25 og TV1, *Trichoderma atroviride* (áður *T. harzianum*) af stofni IMI 206040 og T11, *Trichoderma harzianum* af stofni T-22 og ITEM 908, *Trichoderma gamsii* (áður *T. viride*) af stofni ICC080, *Trichoderma asperellum* (stofn T34), *Trichoderma atroviride* af stofni I-1237, geraníól, þýmól, súkrósa, járn-súlfat (járn(III)súlfat), járn-súlfat (járn(II)súlfat) og fólínsýru í eða á tilteknum afurðum ⁽⁴⁾.
- 5) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fóður og matvæli. Ákvæði löggjafar um fóður og matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka og í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 6) I. og II. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 138, 4.6.2015, bls. 1.

⁽²⁾ Stjútíð. ESB L 140, 5.6.2015, bls. 1.

⁽³⁾ Stjútíð. ESB L 145, 10.6.2015, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjútíð. ESB L 147, 12.6.2015, bls. 3.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðum er bætt við 40. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005) í II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

- „- **32015 R 0845:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2015/845 frá 27. maí 2015 (Stjttíð. ESB L 138, 4.6.2015, bls. 1),
- **32015 R 0846:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2015/846 frá 28. maí 2015 (Stjttíð. ESB L 140, 5.6.2015, bls. 1),
- **32015 R 0868:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2015/868 frá 26. maí 2015 (Stjttíð. ESB L 145, 10.6.2015, bls. 1),
- **32015 R 0896:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2015/896 frá 11. júní 2015 (Stjttíð. ESB L 147, 12.6.2015, bls. 3).“

2. gr.

Eftirfarandi undirliðum er bætt við lið 54zzy (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

- „- **32015 R 0845:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2015/845 frá 27. maí 2015 (Stjttíð. ESB L 138, 4.6.2015, bls. 1),
- **32015 R 0846:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2015/846 frá 28. maí 2015 (Stjttíð. ESB L 140, 5.6.2015, bls. 1),
- **32015 R 0868:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2015/868 frá 26. maí 2015 (Stjttíð. ESB L 145, 10.6.2015, bls. 1),
- **32015 R 0896:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2015/896 frá 11. júní 2015 (Stjttíð. ESB L 147, 12.6.2015, bls. 3).“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) nr. 2015/845, (ESB) nr. 2015/846, (ESB) nr. 2015/868 og (ESB) nr. 2015/896, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 12. desember 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. desember 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Sletnes

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 298/2015

2017/EES/64/04

frá 11. desember 2015

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1040 frá 30. júní 2015 um breytingu á II., III. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir asoxýstróbín, dímoxystróbín, flúroxýpýr, metoxyfenósíð, metrafenón, oxadíargýl og tríbenúrón í eða á tilteknum afurðum ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fóður og matvæli. Ákvæði löggjafar um fóður og matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka og í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 3) I. og II. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við 40. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005) í II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„- **32015 R 1040:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2015/1040 frá 30. júní 2015 (Stjúd. ESB L 167, 1.7.2015, bls. 10).“*2. gr.*

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 54zzy (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„- **32015 R 1040:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2015/1040 frá 30. júní 2015 (Stjúd. ESB L 167, 1.7.2015, bls. 10).“*3. gr.*Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 2015/1040, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*4. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 12. desember 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

⁽¹⁾ Stjúd. ESB L 167, 1.7.2015, bls. 10.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. desember 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Sletnes

formaður.

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 299/2015

2017/EES/64/05

frá 11. desember 2015

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1101 frá 8. júlí 2015 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir dífenókónasól, flúópíkólíð, flúópýram, ísópyrasam og pendímetalín í eða á tilteknum afurðum ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1200 frá 22. júlí 2015 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir amíðsúlfúrón, fenhexamíð, kresoxímmetýl, þíaklópríð og trífloxýstróbín í eða á tilteknum afurðum ⁽²⁾.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fóður og matvæli. Ákvæði löggjafar um fóður og matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka og í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 4) I. og II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðum er bætt við 40. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005) í II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

- „- **2015 R 1101:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2015/1101 frá 8. júlí 2015 (Stjtíð. ESB L 181, 9.7.2015, bls. 27),
- **2015 R 1200:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2015/1200 frá 22. júlí 2015 (Stjtíð. ESB L 195, 23.7.2015, bls. 1).“

2. gr.

Eftirfarandi undirliðum er bætt við lið 54zzy (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

- „- **2015 R 1101:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2015/1101 frá 8. júlí 2015 (Stjtíð. ESB L 181, 9.7.2015, bls. 27),
- **2015 R 1200:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2015/1200 frá 22. júlí 2015 (Stjtíð. ESB L 195, 23.7.2015, bls. 1).“

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 181, 9.7.2015, bls. 27.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 195, 23.7.2015, bls. 1.

3. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) nr. 2015/1101 og (ESB) nr. 2015/1200, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 12. desember 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. desember 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Sletnes

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 300/2015

2017/EES/64/06

frá 11. desember 2015

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1609 frá 24. september 2015 um að samþykkja própíkónasól sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 7 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1610 frá 24. september 2015 um að samþykkja *Pythium oligandrum* af stofni M1 sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 10 ⁽²⁾.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 12nne (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2015/655) í XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„12nnf. **32015 R 1609**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1609 frá 24. september 2015 um að samþykkja própíkónasól sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 7 (Stjtíð. ESB L 249, 25.9.2015, bls. 17).

12nng. **32015 R 1610**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1610 frá 24. september 2015 um að samþykkja *Pythium oligandrum* af stofni M1 sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 10 (Stjtíð. ESB L 249, 25.9.2015, bls. 20).“

*2. gr.*Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) nr. 2015/1609 og (ESB) nr. 2015/1610, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*3. gr.*Ákvörðun þessi öðlast gildi 12. desember 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ^(*).

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 249, 25.9.2015, bls. 17.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 249, 25.9.2015, bls. 20.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. desember 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Sletnes

formaður.

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 301/2015

2017/EES/64/07

frá 11. desember 2015

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1726 frá 28. september 2015 um að samþykkja 2-metýlísóbíasól-3(2H)-ón sem fyrirbyggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 13 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1727 frá 28. september 2015 um að samþykkja 5-klór-2-(4-klórfeñoxy)fenól sem fyrirbyggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 1, 2 og 4 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1728 frá 28. september 2015 um að samþykkja 3-joð-2-própýnýlbútýlkarbamát (IPBC) sem fyrirbyggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 13 ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1729 frá 28. september 2015 um að samþykkja kalíumsorbat sem fyrirbyggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1730 frá 28. september 2015 um að samþykkja vetnisperoxíð sem fyrirbyggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 1, 2, 3, 4, 5 og 6 ⁽⁵⁾.
- 6) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1731 frá 28. september 2015 um að samþykkja medetómíðín sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 21 ⁽⁶⁾.
- 7) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1736 frá 28. september 2015 um að samþykkja ekki tríflúmúrón sem fyrirbyggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18 ⁽⁷⁾.
- 8) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1737 frá 28. september 2015 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir brómadíólóni, klórfasínóni og kúmatetralýli til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 14 ⁽⁸⁾.
- 9) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

⁽¹⁾ Stjúd. ESB L 252, 29.9.2015, bls. 14.

⁽²⁾ Stjúd. ESB L 252, 29.9.2015, bls. 17.

⁽³⁾ Stjúd. ESB L 252, 29.9.2015, bls. 21.

⁽⁴⁾ Stjúd. ESB L 252, 29.9.2015, bls. 24.

⁽⁵⁾ Stjúd. ESB L 252, 29.9.2015, bls. 27.

⁽⁶⁾ Stjúd. ESB L 252, 29.9.2015, bls. 33.

⁽⁷⁾ Stjúd. ESB L 252, 29.9.2015, bls. 56.

⁽⁸⁾ Stjúd. ESB L 252, 29.9.2015, bls. 58.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 12nng (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2015/1610) í XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

- „12nnh. **32015 R 1726**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1726 frá 28. september 2015 um að samþykkja 2-metýlísóbíasól-3(2H)-ón sem fyrirbyggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 13 (Stjútíð. ESB L 252, 29.9.2015, bls. 14).
- 12nni. **32015 R 1727**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1727 frá 28. september 2015 um að samþykkja 5-klór-2-(4-klórphenoxý)fenól sem fyrirbyggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 1, 2 og 4 (Stjútíð. ESB L 252, 29.9.2015, bls. 17).
- 12nnj. **32015 R 1728**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1728 frá 28. september 2015 um að samþykkja 3-joð-2-própýnýlbútýlkarbamát (IPBC) sem fyrirbyggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 13 (Stjútíð. ESB L 252, 29.9.2015, bls. 21).
- 12nnk. **32015 R 1729**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1729 frá 28. september 2015 um að samþykkja kalífumsorbat sem fyrirbyggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 (Stjútíð. ESB L 252, 29.9.2015, bls. 24).
- 12nnl. **32015 R 1730**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1730 frá 28. september 2015 um að samþykkja vetnisperoxíð sem fyrirbyggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 1, 2, 3, 4, 5 og 6 (Stjútíð. ESB L 252, 29.9.2015, bls. 27).
- 12nmm. **32015 R 1731**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1731 frá 28. september 2015 um að samþykkja medetómíðín sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 21 (Stjútíð. ESB L 252, 29.9.2015, bls. 33).
- 12nno. **32015 D 1736**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1736 frá 28. september 2015 um að samþykkja ekki tríflúmúrón sem fyrirbyggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18 (Stjútíð. ESB L 252, 29.9.2015, bls. 56).
- 12nno. **32015 D 1737**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1737 frá 28. september 2015 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir brómadíólóni, klórfasínóni og kúmatetralýli til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 14 (Stjútíð. ESB L 252, 29.9.2015, bls. 58).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) nr. 2015/1726, (ESB) nr. 2015/1727, (ESB) nr. 2015/1728, (ESB) nr. 2015/1729, (ESB) nr. 2015/1730, (ESB) nr. 2015/1731 og framkvæmdarákvörðana (ESB) 2015/1736 og (ESB) 2015/1737, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 12. desember 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. desember 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Sletnes

formaður.

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 302/2015

2017/EES/64/08

frá 11. desember 2015

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar ESB 2015/1751 frá 29. september 2015 um skilmála og skilyrði leyfis fyrir sæfivöru, sem inniheldur brómadíólón, sem Bretland lagði fram í samræmi við 36. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 12nno (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2015/1737) í XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„12nnp. **32015 D 1751**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar ESB 2015/1751 frá 29. september 2015 um skilmála og skilyrði leyfis fyrir sæfivöru, sem inniheldur brómadíólón, sem Bretland lagði fram í samræmi við 36. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjútíð. ESB L 256, 1.10.2015, bls. 15).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1751, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 12. desember 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. desember 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Sletnes

formaður.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 256, 1.10.2015, bls. 15.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 303/2015

2017/EES/64/09

frá 11. desember 2015

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1221 frá 24. júlí 2015 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna í því skyni að laga hana að framförum á sviði tækni og vísinda⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 12zze (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008) í XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„- **32015 R 1221:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2015/1221 frá 24. júlí 2015 (Stjtíð. ESB L 197, 25.7.2015, bls. 10).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 2015/1221, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 12. desember 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. desember 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Sletnes

formaður.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 197, 25.7.2015, bls. 10.^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 304/2015

2017/EES/64/10

frá 11. desember 2015

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1392 frá 13. ágúst 2015 um samþykki fyrir grunnefninu frúktósa, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 13a (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011):

„- **32015 R 1392:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1392 frá 13. ágúst 2015 (Stjtíð. ESB L 215, 14.8.2015, bls. 34).“

2. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 13zzzzzh (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2015/1295):

„13zzzzzi. **32015 R 1392:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1392 frá 13. ágúst 2015 um samþykki fyrir grunnefninu frúktósa, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtíð. ESB L 215, 14.8.2015, bls. 34).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2015/1392, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 12. desember 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

(¹) Stjtíð. ESB L 215, 14.8.2015, bls. 34.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. desember 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Sletnes

formaður.

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 305/2015

2017/EES/64/11

frá 11. desember 2015

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1396 frá 14. ágúst 2015 um leiðréttingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar virka efnið *Bacillus subtilis* (Cohn 1872), stofn QST 713, eins og stofn AQ 713 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1397 frá 14. ágúst 2015 um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu flórasúlami, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ⁽²⁾.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirliðum er bætt við lið 13a (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011):

„- **32015 R 1396**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1396 frá 14. ágúst 2015 (Stjtið. ESB L 216, 15.8.2015, bls. 1).

- **32015 R 1397**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1397 frá 14. ágúst 2015 (Stjtið. ESB L 216, 15.8.2015, bls. 3).“

2. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 13zzzzzi (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2015/1392):

„13zzzzzj. **32015 R 1397**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1397 frá 14. ágúst 2015 um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu flórasúlami, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (Stjtið. ESB L 216, 15.8.2015, bls. 3).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) nr. 2015/1396 og (ESB) nr. 2015/1397, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 216, 15.8.2015, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 216, 15.8.2015, bls. 3.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 12. desember 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. desember 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Sletnes

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 306/2015

2017/EES/64/12

frá 11. desember 2015

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 251/2014 frá 26. febrúar 2014 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga á kryddblönduðum vínafurðum og niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1601/91 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð (ESB) nr. 251/2014 fellir niður reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1601/91 ⁽²⁾ og ber því að fella hana brott úr EES-samningnum.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um brennda drykki. Ákvæði löggjafar um brennda drykki skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í inngangsorðum XXVII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 4) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XXVII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi er bætt við á eftir lið 9a (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 716/2013):

„9b. **32014 R 0251**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 251/2014 frá 26. febrúar 2014 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga á kryddblönduðum vínafurðum og niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1601/91 (Stjútíð. ESB L 84, 20.3.2014, bls. 14).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Hlutaðeigandi EFTA-ríkjum skal heimilt að senda áheyrnarfulltrúa á fundi nefndar um kryddblandaðar vínafurðir, sem vísað er til í 34. gr., þegar fjallað er um málefni sem falla undir gerðir sem um getur í samningnum. Fulltrúar EFTA-ríkjanna skulu taka fullan þátt í störfum nefndarinnar, en hafa þó ekki atkvæðisrétt.“

2. Texti 3. liðar (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1601/91) falli brott.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 251/2014, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 84, 20.3.2014, bls. 14.

⁽²⁾ Stjútíð. ESB L 149, 14.6.1991, bls. 1.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 12. desember 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. desember 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Sletnes

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 307/2015

2017/EES/64/13

frá 11. desember 2015

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 617/2013 frá 26. júní 2013 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB að því er varðar kröfur varðandi visthönnun tölva og netþjóna ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 665/2013 frá 3. maí 2013 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB að því er varðar orkumerkingar ryksugna ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 666/2013 frá 8. júlí 2013 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB að því er varðar kröfur varðandi visthönnun ryksugna ⁽³⁾.
- 4) II. og IV. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKID EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á IV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 4m (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 626/2011):
„4n. **32013 R 0665**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 665/2013 frá 3. maí 2013 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB að því er varðar orkumerkingar ryksugna (Stjtíð. ESB L 192, 13.7.2013, bls. 1).“
2. Eftirfarandi er bætt við lið 6d (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 327/2011):
„eins og henni var breytt með:
- **32013 R 0666**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 666/2013 frá 8. júlí 2013 (Stjtíð. ESB L 192, 13.7.2013, bls. 24).“
3. Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 6h (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 548/2014):
„6i. **32013 R 0617**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 617/2013 frá 26. júní 2013 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB að því er varðar kröfur varðandi visthönnun tölva og netþjóna (Stjtíð. ESB L 175, 27.6.2013, bls. 13).
6j. **32013 R 0666**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 666/2013 frá 8. júlí 2013 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB að því er varðar kröfur varðandi visthönnun ryksugna (Stjtíð. ESB L 192, 13.7.2013, bls. 24).“

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 175, 27.6.2013, bls. 13.⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 192, 13.7.2013, bls. 1.⁽³⁾ Stjtíð. ESB L 192, 13.7.2013, bls. 24.

4. Eftirfarandi undirlið er bætt við 8. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1275/2008):

„- **32013 R 0617**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 617/2013 frá 26. júní 2013 (Stjttíð. ESB L 175, 27.6.2013, bls. 13).“

5. Eftirfarandi er bætt við 12. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 278/2009):

„eins og henni var breytt með:

- **32013 R 0617**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 617/2013 frá 26. júní 2013 (Stjttíð. ESB L 175, 27.6.2013, bls. 13).“

2. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á IV. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 11m (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 626/2011):

